

Fundarstjóri, góðir fundarmenn,

Stundum er sagt að tíminn sé afstæður, það sem einum finnst eins og gerst hafi í gær finnst öðrum óralangt í burtu í tíma. Nú eru liðin rúm tvö ár frá hruni íslenska bankakerfisins sem hafði grundvallarbreytingar í för með sér fyrir okkur öll sem búum í þessu landi.

Hrunið hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á starfsemi allra fyrirtækja á Íslandi, þar með talið fyrirtækin í eigu okkar hjá Skiptum sem eru Síminn, Míla, Skjárinn, Sensa og fleiri fyrirtæki.

Nú þegar við stöndum frammi fyrir gerð kjarasamninga er nauðsynlegt að skoða stöðu fyrirtækja á neytendamarkaði með tilliti til þess hvernig hrunið hefur haft áhrif á þau. Það er að mínu mati sameiginlegur vilji atvinnurekenda og launafólks að kaupmáttur aukist eftir því sem hagur fyrirtækjanna vænkast. Það er hins vegar engum greiði gerður að ganga til kjarasamninga sem engin innistæða er fyrir. Þess vegna er athyglisvert að skoða hvernig hrunið hafði áhrif á stærstu fyrirtæki landsins á neytendamarkaði.

Síminn, okkar stærsta dótturfélag, er að mörgu leyti dæmigert fyrirtæki hvað þetta varðar. Síminn snertir líf meirihluta Íslendinga í hverjum mánuði. Við sendum út um 150 þúsund reikninga um hver mánaðamót.

Og það er mjög athyglisvert að skoða tímann frá hruni.

Fyrir það fyrsta þá var október 2008, hrunmánuðurinn, tekjuhæsti októbermánuður í sögu Símans. Þetta skýrist að sjálfsögðu af því að þegar áföll dynja yfir þá höfum við meiri þörf en nokkru sinni til að eiga í samskiptum og október var þess vegna mjög stór hjá okkur.

Næstu mánuði þar á eftir dróst notkunin lítillega saman en við sáum samt enga byltingu í þeim efnum. Við áttum síðan von á því allt árið 2009 að eftirspurnin dytti hressilega niður. Staðreyndin er hins vegar sú að hjá okkar viðskiptavinum varð minni samdráttur á símnotkun á árinu 2009, þrátt fyrir aukið atvinnuleysi og minnkandi kaupmátt. Og sama þróun hélt áfram á árinu 2010, allt fram að vormánuðum og við vorum satt að segja farin að halda að höggið yrði ekki eins alvarlegt og við höfðum talið.

Þá gerðist það sem við höfðum óttast að neyslan dróst mjög hratt saman á nokkrum mánuðum og þegar kom fram á síðast liðið haust var ljóst að þessi samdráttur væri viðvarandi. Við sjáum það einfaldlega að neyslan hefur dregist saman með tilheyrandi tekjutapi. Það kemur þannig fram hjá okkur að notkun hvers viðskiptavinar hefur dregist saman.

Við vorum reyndar í ágætri stöðu að því leyti að við höfðum í upphafi árs 2008 farið í viðamiklar sparnaðaraðgerðir og við vorum því ágætlega undirbúin undir samdráttinn.

En maður spyr sig: Hvað gerðist vorið 2010?

Ég held að það sé ekkert sérstaklega flókið að svara þeirri spurningu:

- Í fyrsta lagi hafði kaupmáttarlækkunin staðið í töluverðan tíma. Þegar skattahækkningar bættust við var ljóst að eitthvað myndi undan láta.
- Og í öðru lagi hafði almenningur nýtt sér þau úrræði sem til staðar voru, tekið út sparnað og séreignarlífeyri og þannig dregið úr högginu af hruninu. Þessi úrræði ganga að sjálf sögu einhvern tíman til þurrðar.

Þannig voru fjárráð heimilanna verulega skert frá því sem áður var og það er mikið áhyggjuefni fyrir fyrirtæki í verslun og þjónustu eins og Símann.

Stóra spurningin nú er hvort botninum sé náð eða eigum við von á að neyslan minnki enn frekar? Þetta er helsta áhyggjuefnið núna. Við getum ekki haldið áfram á þessari braut. Við verðum að snúa taflinu við og við verðum að gera það núna.

Eitt af tækjunum sem við höfum til þess eru kjarasamningar. Launakostnaður er einn af stærstu kostnaðarliðum hjá fyrirtækjum í verslun og þjónustu og það er nauðsynlegt að samræmi sé milli þróunar launa og tekna fyrirtækjanna. Eins og ég nefndi áðan þá erum við einfaldlega í þeirri stöðu að tekjurnar hafa lækkað og við vitum ekki hvort botninum er náð.

Því er mikilvægt að við gerð kjarasamninga lærum við af reynslunni og stígum skrefin í réttri röð. Ef það er eitthvað sem við Íslendingar eigum að hafa lært þá er það að skjótfenginn gróði er ekki vænlegur til árangurs.

Snöggar hækkanir launa kalla á aukna verðbólgu með tilheyrandi vandræðum fyrir íslensk heimili. Eftir áföll undanfarinna ára þá höfum við sem samfélag ekki efni á enn einu verðbóluskotinu. Skuldir heimila og fyrirtækja þola það ekki. Við verðum þess vegna að haga samningum þannig að verðbólgan fari ekki á flug.

Góðir fundarmenn;

Til að atvinnurekstur gangi vel þurfa fjórir þættir að vera í jafnvægi.

Í fyrsta lagi, viðskiptavinir. Það er nauðsynlegt að eiga traust og heiðarlegt samband við sína viðskiptavini, sama hvort þeir eru einstaklingar eða stór fyrirtæki. Þarfirnar kunna að vera mismunandi en viðskiptavinurinn verður að upplifa heilindi í sínu sambandi við fyrirtækið.

Í öðru lagi starfsfólk. Nú þegar við hugum að nýjum kjarasamningum er nauðsynlegt að hafa í huga að gott starfsfólk er mikilvægasta auðlind hvers fyrirtækis. Það er lykillinn að því að viðskiptavinir okkar upplifi heilindi í þjónustu fyrirtækisins.

Í þriðja lagi, fjárfestar. Fjárfestar verða að sjá tækifæri í rekstrinum til að ávaxta sitt fé á skynsamlegan hátt. Núna þegar mörg fyrirtæki landsins eru komin í eigu banka og annarra kröfuhafa, er mikilvægt að þessir aðilar sinni eigendahlutverki sínu á faglegan hátt, styðji við fyrirtækin á sambærilegan hátt og hefðbundinn fjárfestir myndi gera en láti ekki skammtímasjónarmið ráða för.

Og í fjórða lagi samfélagið. Fyrirtækin leika lykilhlutverk í íslensku samfélagi. Þau verða að taka það hlutverk alvarlega. Við greiðum skatta og skyldur til sameiginlegs kostnaðar en við berum líka ábyrgð á okkar starfsfólki, viðskiptavinum og því að haga rekstrinum svo hann skili viðunandi ávöxtun.

Þetta jafnvægi er mjög mikilvægt núna þegar kjarasamningar eru lausir. Við þurfum að skoða alla þessa þætti í samhengi, er hægt að hækka laun án þess að hinir þrír þættirnir gefi eftir?

Hver er þá rétta leiðin?

Það er langmikilvægast að ná aftur stöðugleika í rekstarumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Það gerum við best með því að semja um hóflegar launahækkanir, til þriggja ára, til að ná aftur fyrri styrk. Með þeim hætti getum við dregið úr atvinnuleysi, ráðið nýja starfsmenn í vinnu og bætt kjör núverandi starfsmanna.

Aukin kaupmáttur er það sem skiptir mestu máli. Gleymum því ekki að síðasta verðbólguskot kostaði íslensk heimili og fyrirtæki tugi, ef ekki hundruði milljarða króna.

En það þarf líka að vera stöðugleiki við landstjórnina. Við sem rekum fyrirtækin þurfum að geta treyst því að umhverfið breytist ekki í sífellu, við vitum það öll hversu erfitt hefur verið að gera áætlanir undanfarin ár því að mikilvægar forsendur hafa gjörbreyst, án þess að við getum haft nokkur áhrif þar á.

Góðir fundarmenn;

Það eru spennandi tímar framundan á Íslandi. Við höfum gengið í gegnum erfiðleika sem til langs tíma litið munu styrkja íslenskt samfélag. Nú er okkar tími til að byggja á þeim trausta grunni sem Ísland byggir á og það er bjargföst trú mín að sú leið sem Samtök Atvinnulífsins hafa kynnt og nefnist Atvinnuleiðin sé sú leið sem muni skila mestum árangri.